

Óska mér

Ayy, ég baða mig í tungsljósinu
Vonast eftir lítilli huggun
Og ekki klæddur eftir veðrinu
Stend hér í kuldanum, sé stjörnuhrap á himninum

Ég ætla að óska mér ást og hamingjuna
Ég ætla að óska mér að ég finni mér stað
Já ég óska þess að draugarnir fari burt
Ég ætla að óska mér ást, hamingju og frið

Ég þarf pásu, get ég spólað til baka
Ýtt á play á staðnum sem að ég vil endurtaka
Hausin eins og haugasjór, sírenur í eyrunum
Þögn og góður staður, það eina sem mig dreymir um
Stjörnuhrap, ég loka augunum
Kreppi saman hnúana, ég vona að það verði úr draumunum
Ég óska mér (mér mér), ég óska mér (mér mér)
Eina sem að ég vil er að mér gangi þínu vel

Ég ætla að óska mér ást og hamingjuna
Ég ætla að óska mér að ég finni mér stað
Já ég óska þess að draugarnir fari burt
Ég ætla að óska mér ást, hamingju og frið

Mig vantar pláss, bý mér til pláss
Titil í kringum mig, kaupi mér skáp
Vel undirbúin með þykkari skráp
Þetta er færslan að manni úr strák

Mig vantar pláss, bý mér til pláss
Kvenfólk í kringum mig einungis ást
Leið mun betur og það sást
Orðin þreyttur á að þjást

Ég baða mig í tungsljósinu
Vonast eftir lítilli huggun
Og ekki klæddur eftir veðrinu
Stend hér í kuldanum, sé stjörnuhrap á himninum

Ég ætla að óska mér ást og hamingjuna
Ég ætla að óska mér að ég finni mér stað
Já ég óska þess að draugarnir fari burt
Ég ætla að óska mér ást, hamingju og frið